

Samningur – vörumerki island.is

Verkkaupi: Fjármála-og efnahagsráðuneytið

Verksali: (Nafn)

DD.MM.2019

1. gr.
Samningsaðilar

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, kt. 5501692829, hér eftir nefndur verkkaupi og (NAFN VERKSALA), kt. XXXXXX-XXXX, hér eftir nefndur ráðgjafi, gera með sér eftirfarandi samning um kaup og þjónustu. Einnig er vísað til framangreindra sem samningsaðila eða aðila og skal hvor um sig teljast samningsaðili eða aðili.

2. gr.
Gildissvið

Samningur þessi gildir um kaup á vöru og ráðgjöf á sviði upplýsingatæknilausna fyrir verkaupa vegna verðfyrirspurna, eða útboða á hans vegum.

3. gr.
Samningstími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er til DAGSETNING.

4. gr.
Tengiliðir og samskipti

Öllum samskiptum vegna þessa samning skal beina til:

Fulltrúi verkkaupa: Nafn
Fulltrúi verksala: Nafn

5. gr.
Skyldur ráðgjafa

Verksali skal vinna af trúmennsku fyrir verkkaupa og gæta hagsmuna hans í hvívetna.

Verksali skal viðhafa fagleg vinnubrögð og tilkynna verkkaupa ef fyrir hendi eru tengsl svo sem fjölskyldutengsl, viðskiptatengsl eða aðrar aðstæður sem eru til þess fallnar að draga mætti óhlutdrægni hans í efa.

Verksali skal svara erindum verkaupa eins fljótt og kostur er. Verksala ber að tilkynna verkkaupa framvindu reglulega og tilkynna án tafar um leið og hann telur möguleika á að skilafrestir gætu dregist.

Verksali skal tryggja öryggi þeirra gagna sem honum eru afhent í tengslum við verkefni sem unnin eru samkvæmt samningi þessum og sjá til þess að þau komist ekki í hendur óviðkomandi aðila og skal hann undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu þess efnis verði þess krafist af verkkaupa.

6. gr.
Undirverktaka

Verksala er óheimilt, nema með samþykki verkkaupa að fela undirverktaka, að taka að sér einstaka þætti samkvæmt samningi þessum. Slíkt samþykki breytir í engu samningsskyldum seljanda gagnvart kaupanda.

7. gr.
Verk og tímaáætlanir

Í upphafi verkefnis hafa aðilar sett saman samþykkt verkáætlun þar sem verkefninu og umfangi þess er lýst í tilboði verksala, sbr. VIÐAUKA – 1 sem er fylgiskjal samnings:

Verkþættir eru sem hér segir:

- (Upptalning boðinna verkþátta)

Séu skilafrestir ekki skilgreindir skal verksali engu að síður hefja vinnu án tafa eftir að verkáætlun hefur verið samþykkt af verkkaupa. Verksala er óheimilt að reikningsfæra fleiri tíma vegna einstakra verkefna en fram kemur í áætlun, nema með sérstöku skriflegu leyfi verkkaupa sem liggja skal fyrir áður en reikningur er gerður.

8. gr. Tilboðsfjárhæð

Tilboðsfjárhæð samkvæmt samningi þessum er **5.000.000,- kr. án virðisaukaskatts**
Allur kostnaður verksala sem fellur til, svo sem ferðakostnaður og uppihald, er innifalinn í tilboði og allt sem til þarf að fullnusta boðið verk, nema sérstaklega sé samið um annað.

9. gr. Greiðslur

Greiðslur samkvæmt samningi þessum skal gjaldfærð eftir á, í samræmi við verkframvindu, mánuð í senn, nema annað sé ákveðið. Fjárhæð reiknings skal taka til þeirra vinnustunda sem hafa farið í framkvæmd samningsins til þess tíma er reikningur er skrifaður út.

Reikningur verksala skal þannig úr garði gerður og skjalfestur að Verkkaupi geti gengið úr skugga um að rétt sé. Útlagður kostnaður og önnur útgjöld skal tilgreina sérstaklega.

Greitt er samkvæmd reikningi innan 30 daga frá því að verkkaupi tekur við reikningnum. Dráttarvextir eru reiknaðir skv. reglum fjármálaráðuneytis þar að lútandi.

Um samning þennan gilda almenn viðskiptakjör ríkisins við kaup á vörum eða þjónustu sem birt eru á slóð Fjársýslu ríkisins: <https://www.fjs.is/media/rafraenirreikningar/2014.10-Vidskiptaskilmalar-rikisins.pdf>

10. gr. Eignaréttur og afhending gagna

Verkkaupi öðlast allan notkunar/nýtingarrétt, fjölföldunar- og dreifingarrétt til á þeirri ráðgjöf/afurð sem unnin hefur verið samkvæmt samningi þessum. Verksali skal afhenda verkkaupa öll afrit af gögnum sé þess óskað.

11. gr. Uppsögn

Aðilar samnings þessa geta sagt upp samningi þessum með 30 daga fyrirvara.

12. gr. Vanefndir

Sé vöru ekki skilað, eða verk unnið samkvæmt samningi getur verkkaupi krafist endurgreiðslu á þeim hluta samningsfjárhæðar og kostnaði sem verksali hefur fengið greitt. Auk þess getur verkkaupi krafist bóta fyrir það tjón sem verkkaupi verður fyrir vegna vanefnda verksala, þó að hámarki sem nemur heildar samningsgreiðslum til verksala, samkvæmt samningi þessum.

Ofangreindar takmarkanir eiga ekki við ef verksali hefur látið ógert að vara við væntanlegum vanefndum, eða að tjónið megi rekja til stórkostlegrar vanrækslu eða ásetnings verksala.

13. gr.

Breytingar og viðbætur

Allar breytingar og/eða viðbætur við samning þennan skulu vera skriflegar milli aðila. Telji verksali að eðli eða umfang hans hafi breyst í framvindunni, verður hann að tilkynna verkkaupa það skriflega og án tafar. Sé það ekki gert skal verksali vinna á samningsbundnu verði og tíma. Allar breytingar og viðbætur skulu skráðar og vera viðauki við samning þenna.

14. gr.

Úrlausn ágreiningsmála

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun samnings þessa á samningstímanum skal hvor aðili um sig tilnefna einn aðila, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Takist ekki að leysa ágreining með þessum hætti skulu mál vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

15. gr.

Frumrit samnings

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt fyrir verksala og annað fyrir verkkaupa.

Reykjavík, dags:_____

F.h. Fjármála-og efnahagsráðuneytið

F.h. Verksala